

**Nd.**

**590. Breytingartillögur**

[29. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 frá 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá Péttri Sigurðssyni.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

7. gr. laganna orðist svo:

Fiskveiðasjóður heyrir undir ráðherra þann, sem fer með sjávarútvegsmál. Stjórn hans skal vera í höndum sjö manna, sem kosnir eru til fjögurra ára í senn, þannig að Alþingi kýs fjóra að viðhafðri hlutfallskosningu, stjórn Seðla-bankans einn, Landssamband íslenzkra útvegsmanna einn og Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands einn. Varamenn skal kjósa jafnmarga á sama hátt og til sama tíma. Tveir síðast töldu skulu skipta með sér sæti aðalmanns í stjórn sjóðsins.

Stjórnin kýs sér formann og varaformann.

Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lögmætur, þarf meiri hluti stjórnar að sitja hann, og ræður einfaldur meiri hluti fundarins ákvörðun stjórnarinnar.

3. Við 3. gr. Greinin falli niður.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

10. gr. laganna orðist svo:

Starfsár Fiskveiðasjóðs er almanaksárið. Af tekjum hvers árs skal greiða kostnað við rekstur sjóðsins, svo og töp vegna afskrifaðra lána.

Forstjóri sjóðsins skal sjá um að ganga frá reikningum sjóðsins fyrir 1. marz ár hvert og hafa afhent þá stjórn sjóðsins.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun og yfirskoð-unarmönnum ríkisreikninga og birtir með ríkisreikningi ár hvert.